

128. Stjórnarfundur Fenúr

Mætt: Ragna I. Halldórsdóttir, Bryndís Skúladóttir, Guðmundur Tryggvi Ólafsson, Hafsteinn H. Gunnarsson, Ingvar Halldórsson, Ingbór Guðmundsson og Már Karlsson.

Staður og stund: Sorpa, Gufunesi þann 7. september 2011 kl. 8:30

Þetta gerðist

1. Haustferð Fenúr

Fyrirhuguð ferð til Blönduóss og Akureyrar 10. – 11. nóvember. Gert er ráð fyrir um 35 – 40 manns í rútu norður og nokkuð fleiri á ráðstefnunni. MK kynnti niðurstöðu á tilboðum í rútu, flug, gistingu og mat. **MK** falið að halda áfram með þau mál. Rætt um að hafa kynningar samhliða hádegisstoppi á Blönduósi. Magnús B. Jónsson á Skagaströnd hefur samþykkt að taka á móti hópnum, **GTÓ** ræðir við hann um nánari tilhögun. **BS** ræðir við Sigurð Jóhannesson, SAH afurðum að tala líka á Blönduósi. Á Akureyri verður stefnt að heimsókn til Moltu, Gámaþjónustunnar, Sagaplast, Furu og Hringrásar. **IG** ræðir við þessa aðila. Ekið verði við á söfnunarstöð og hugsanlega litið til Orkeyjar (**BS** athugar). Fyrirlesarar á ráðstefnu á Akureyri:

- Ráðstefnustjóri – e-r úr bæjarpólitík. **RH** biður Helga Má að finna góðan aðila.
- Gasmál urðunarstaða; Lúðvík Gústafsson – staðfest
- Gasmál urðunarstaða; Gunnlaug Einarsdóttir - staðfest
- Drög að staðaráætlun: Eiður Guðmundsson og Hafsteinn H. Gunnarsson - staðfest
- Nýtt söfnunarkerfi á Akureyri: Helgi Már Pálsson - staðfest.
- Orkey, framleiðsla á lífdísel – óstaðfest, **BS** athugar.

BS setur upp tillögu að dagskrá. **RH** sendir út á félagsmenn að taka dagana frá.

2. Aðalfundur ISWA

FENÚR hefur ekki tök á að senda fulltrúa á fundinn í ár. Formaður er í sambandi við NAF vegna undirbúnings fyrir fundinn og mun fela þeim okkar atkvæði, líkt og gert hefur verið þegar fulltrúi FENÚR kemst ekki.

Rætt var um að senda umsókn um styrk til Umhverfisráðuneytis fyrir næsta ár. **RH** ritar drög að bréfi og sendir stjórn.

3. Gjaldtaka á gámastæðum

GTÓ kynnti Temadag 3. okt. í Danmörku um nýja gjaldtöku á fyrirtæki vegna aðgangs að gámastæðum. Reglurnar taka gildi í janúar á næsta ári.

4. Önnur mál

MK varpaði fram hvort FENÚR gæti haft áhrif á þróun í sorpmálum þannig að samræmi milli landsvæða verði meira. Málið var rætt frá nokkrum hliðum.

Fundi slitið kl. 10:30. Næsti fundur miðvikudaginn 5. október kl. 8:30

Fundarritari: Bryndís Skúladóttir